

Geymslupláss Vatnamælinga.

Núverandi geymsla vatnamælinga í kjallaranum að Laugaveg 118 er 18 m<sup>2</sup> að gólfleti. Þar eru mælitæki geymd, línur og snúrur, hæðarkvarðar o.m.f.l. Þar hefur ekki verið hægt að snúa sér við hin síðari ár.

Á lager Rafmagnsveitna ríkisins hafa vatnabátarnir verið geymdir (þeir eru þar ekki nú sem stendur, annar læstur inn í skemmu að Hjarðarhaga á Jökuldal, en hinn er í blómagarði austur í Þjórsárholti, er hann þar á dráttarvagni). Auk bátanna eru mela-búr, járnplötur á mælibrunna og aðrir hinir fyrirferðarmeiri hlutir geymdir á lager rafmagnsveitnanna.

Geymsla, sem hefði 60 m<sup>2</sup> gólfplöt mundi nægja vatnamælingunum nú, gæti hún verið í 2-3 hölfum.

Gera má ráð fyrir að þörf geymslu og þó sérstaklega vinnu-pláss aukist í framtíðinni, sem að sterðu svari til núverandi geymslu, eða um 20 m<sup>2</sup> á ári, næstu 10 ár.

Hér skal bent á tvö verkefni, sem á komandi árum þarfnast verulegs húsrýmis, en er nú sniðinn þröngur stakkur.

1. Viðgerðir síritara og annara mælitækja
2. Athugun á aurburði vatnsfalla.

Húsnæðismálinu er hér hvergi nærri gerð fyllileg skil, rétt væri að nefna fleiri atriði, svo sem bifreiðageymslu.

Reykjavík, 24. des. 1954

S. Rist